

Tillögur um fyrirkomulag bóta  
til tjónþola í kjölfar náttúruhamfara

Desember 2012

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Niðurstöður og helstu tillögur .....	3
a) Hamfarasjóður – Tillaga meirihluta nefndarinnar .....	4
b) Hamfarasjóður – Breytingartillaga minnihluta nefndarinnar .....	6
c) Almennar tillögur.....	7
d) Tillögur sem lúta að almennri tryggingarvernd .....	8
e) Tillögur sem lúta að Viðlagatryggingum Íslands.....	9
3. Umboð og starf nefndarinnar.....	10
4. Tjónabætur í náttúruhamförum.....	11
a) Viðlagatrygging Íslands.....	11
b) Almennir váttryggingarsamningar .....	14
c) Bjargráðasjóður .....	15
d) Ofanflóðasjóður.....	16
5. Endurskoðun á umfangi váttryggingarverndar.....	17
a) Váttryggjanleg verðmæti .....	17
b) Óváttryggjanleg verðmæti.....	18
6. Þátttaka opinberra aðila í kostnaði .....	20
a) Ríkislögreglustjóri og aðrar stofnanir .....	21
b) Sveitarfélög.....	22
7. Lokaorð.....	24
Viðaukar .....	26

## 1. Inngangur

Á síðustu árum og áratugum hefur reynt verulega á viðbrögð við náttúruhamförum hér á landi. Snjóflóð á Vestfjörðum, jarðskjálftar á Suðurlandi og eldgos í Fimmvörðuhálsi, Eyjafjallajökli, Grímsvötnum og nú síðast mikið óveður á Norðurlandi hafa kallað á samhent og skipulögð viðbrögð opinberra aðila. Eftir þá reynslu hafa ýmis álitaefni komið til umræðu sem mikilvægt er að greina og hagnýta til framtíðar litið. Meðal þess er að hvaða marki og með hvaða hætti veita á fé úr sameiginlegum sjóðum landsmanna vegna tjóns á óvátryggðum eignum. Ennfremur vaknar sú spurning með hvaða hætti skuli veita ríkisstofnunum og sveitarfélögum stuðning til að takast á við aukin verkefni um skemmri eða lengri tíma í kjölfar náttúruhamfara.

Í skýrslunni er farið yfir lög og reglugerðir sem við eiga þegar ofangreind álitaefni koma til skoðunar og gerðar tillögur að breytingum með það fyrir augum að tryggja að öll meiri háttar efnisleg verðmæti sem farið geta forgörðum í náttúruhamförum falli innan viðlaga- og tryggingakerfis og ríkissjóður standi ekki frammi fyrir óvæntum og stórfelldum útgjöldum í hvert sinn sem náttúruvá ber að garði.

## 2. Niðurstöður og helstu tillögur

Mikilvægt er að setja skýrar reglur um viðmið og verklag þegar bæta þarf tjón vegna náttúruhamfara. Óvissa um viðbrögð hins opinbera er líkleg til að grafa undan frjálsu vátryggingakerfi jafnframt því sem hún dregur úr tryggingarvitund almennings. Þá verður ekki framhjá því litið að útdeiling almannaafjár til þeirra sem ekki gæta að vátryggingavernd eigna sinna er ósanngjörn gagnvart þeim sem sýna ábyrgð með kaupum á vátryggingum.

Nefndin skoðaði þau efnislegu verðmæti sem farið hafa forgörðum í náttúruhamförum síðustu ára. Kannað var hvort hægt væri að fella þessi verðmæti undir viðlagatryggingu eða almennar skaðatryggingar. Nefndin skoðaði einnig leiðir til að koma í veg fyrir að ríkissjóður standi frammi fyrir óvæntum og stórfelldum útgjöldum. Í ljósi þessa gerir nefndin þá tillögu að stofnaður verði sérstakur sjóður, Hamfarasjóður, sem sinni verkefnum varðandi forvarnir gegn náttúruvá og greiði bætur vegna náttúruhamfara sem ekki fást bættar úr vátryggingum. Meirihluti nefndarinnar samþykkir þá tillögu, en Hafsteinn Pálsson, fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðherra leggur til aðra útfærslu á þeim sjóði. Aðrar tillögur nefndarinnar snúa að verklagi og viðbrögðum sem dregið geta úr útgjöldum ríkissjóðs og aukið skilvirkni og gagnsæi í greiðslu bóta vegna náttúruhamfara.

Nefndin leggur sérstaka áherslu á að kynningar fari fram meðal almennings um tjónabætur og styrki vegna náttúruhamfara. Sérstaklega verði húseigendur hvattir til að uppfæra brunabótamat í kjölfar breytinga á verðmæti húseigna vegna endurbyggingar eða endurbóta fasteigna, en bætur eru miðaðar við skráð brunabótamat á tjondegi.

Tryggt verði að öll meiriháttar verðmæti sem farið geta forgörðum í náttúruhamförum falli undir tryggingavernd annað hvort með váttryggingu eða með framlagi úr sérstökum hamfarasjóði skv. skýrum verklagsreglum. Með þessum hætti séu almenningur, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög varin fyrir meiri háttar áföllum.

#### **a) Hamfarasjóður – Tillaga meirihluta nefndarinnar**

- Leggur nefndin til að stofnaður verði sérstakur sjóður, Hamfarasjóður, sem sinna skuli verkefnum varðandi forvarnir gegn náttúruvá og greiða bætur vegna náttúruhamfara sem ekki fást bættar úr váttryggingum. Lagt er til að sett verði sérstök lög um hinn nýja Hamfarasjóð og verði í þeim kveðið skýrt á um starfsemi hans, hvaða verkefnum hann skuli sinna og stöðu hans í stjórnkerfinu. Er það mat nefndarinnar að lög um Hamfarasjóð eigi að heyra undir forsætisráðuneytið sem skipi formann stjórnar sjóðsins. Aðrir sem eigi aðild að stjórn hans séu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sem fer m.a. með málefni landbúnaðar, sjávarútvegs og váttrygginga, innanríkisráðuneytið, sem fer m.a. með málefni almannavarna, sveitarfélaga og samgangna, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, sem fer m.a. með málefni Veðurstofu Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið, sem fer m.a. með eignarhald á ríkiseignum, og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi verkefnum Ofanflóðasjóðs verði í framtíðinni sinnt af Hamfarasjóði og að Ofanflóðasjóður hætti þannig starfsemi í þeirri mynd sem hann nú er og renni inn í hinn nýja sjóð. Þá er gert ráð fyrir að A-deild Bjargráðasjóðs sem hefur með bætur vegna náttúruhamfara að gera færast inn í Hamfarasjóð.

Samkvæmt lögum hefur Viðlagatrygging Íslands heimild til að ráðstafa allt að 5% iðgjaldatekna til fyrirbyggjandi aðgerða eða rannsókna. Gert er ráð fyrir að í stað slíkrar ráðstöfunar leggi Viðlagatrygging Hamfarasjóði til tiltekna fjárhæð árlega.

Þá mun aðkoma sveitarfélaga að sameiginlegu viðbragðskerfi verða tryggð með því að þau leggi Hamfarasjóði til hlutdeild af skatttekjum sínum, en hlutföll og fyrirkomulag verði ákvarðað í samhengi við útfærslu á sjóðnum.

Hljóti tillaga þessi brautargengi verði samið lagafrumvarp um starfsemi sjóðsins. Farið verði gaumgæfilega yfir forgangsröðun þeirra verkefna sem fyrirhugað er að ráðast í á vegum Ofanflóðasjóðs þannig að tryggt verði að samfella verði í starfslokum Ofanflóðasjóðs og upphafi starfs Hamfarasjóðs. Ekki er gert ráð fyrir auknum álögum á landsmenn með stofnun Hamfarasjóðs eða að framlög úr sameiginlegum sjóðum verði aukin heldur er verið að horfa til þess að útvíkka nýtingu á tekjustofnun einstakra aðila sem komið hafa að þessum málum og samræma viðbrögð við áföllum sem dunið kunna yfir vegna náttúruhamfara. Tekjugrunnur sjóðsins verði eignarskattur sá sem lagður er á brunabótamat allra fasteigna í landinu og rennur nú í Ofanflóðasjóð, framlag ríkissjóðs sem í dag rennur til A-deildar Bjargráðasjóðs, hlutfall af álögðum iðgjöldum Viðlagatryggingar og hlutfall af innheimtum skatttekjum sveitarfélaga. Lagt verði mat á hversu mikil þörf nýja sjóðsins væri fyrir árlegt framlag og hlutföll af áðurnefndum tekjustofnum í samræmi við þá þörf.

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga styður tillögu meirihluta nefndar um stofnun Hamfarasjóðs. Þó er gerður fyrirvari um samþykki stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir jafnframt fyrirvara við fjármögnunarpátt tillögunnar. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði að hluta fjármagnaður með hlutdeild í sköttum sveitarfélaga, en jafnframt að þeir mörkuðu tekjustofnar sem þegar eru til verði nýttir til að fjármagna sjóðinn. Markmið tillögunnar er að álögur á landsmenn verði ekki auknar, en að mati fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga verður því markmiði ekki náð ef leggja á nýjar álögur á sveitarfélögin. Telja verður að mat á fjárþörf hins nýja Hamfarasjóðs muni leiða í ljós að þeir tekjustofnar sem þegar eru til staðar geti staðið undir starfsemi sjóðsins og að ekki verði þörf á beinni aðkomu sveitarfélaga að fjármögnun hans.

## b) Hamfarasjóður – Breytingartillaga minnihluta nefndarinnar

Hafsteinn Pálsson, fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðherra styður ekki tillögu meirihluta nefndarinnar um Hamfarasjóð og gerir eftirfarandi tillögu að annarskonar útfærslu á Hamfarasjóði.

- Leggur nefndin til að stofnaður verði sérstakur sjóður, Hamfarasjóður, sem verði fær um að greiða bætur vegna náttúruhamfara sem ekki fást bættar úr váttryggingum. Lagt er til að sett verði sérstök lög um hinn nýja Hamfarasjóð og verði í þeim kveðið skýrt á um starfsemi hans, hvaða verkefnum hann skuli sinna og stöðu hans í stjórnkerfinu. Er það mat nefndarinnar að lög um Hamfarasjóð eigi að heyra undir forsætisráðuneytið sem skipi formann stjórnar sjóðsins. Aðrir sem eigi aðild að stjórn hans séu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sem fer m.a. með málefni landbúnaðar, sjávarútvegs og váttrygginga, innanríkisráðuneytið, sem fer m.a. með málefni almannavarna, sveitarfélaga og samgangna, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, sem fer m.a. með málefni Veðurstofu Íslands og Landgræðslu ríkisins, fjármála- og efnahagsráðuneytið, sem fer m.a. með eignarhald á ríkiseignum, og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tillagan gerir ráð fyrir að A-deild Bjargráðasjóðs sem hefur með bætur vegna náttúruhamfara að gera færast inn í Hamfarasjóð. Jafnframt er gert ráð fyrir því að heimild Viðlagatryggingar Íslands til að ráðstafa allt að 5% iðgjaldtekna til fyrirbyggjandi aðgerða eða rannsókna verði nýtt til að styrkja Hamfarasjóð til svipaðra verkefna. Tillagan gerir því ráð fyrir að verkefni VTÍ verið afmarkað við hreina váttryggingastarfsemi. Þá mun aðkoma sveitarfélaga að sameiginlegu viðbragðskerfi verða tryggt með því að þau leggi Hamfarasjóði til hlutdeild af skatttekjum sínum, en hlutföll og fyrirkomulag verði ákvarðað í samhengi við útfærslu á sjóðnum.

Hljóti tillaga þessi brautargengi verði samið lagafrumvarp um starfsemi sjóðsins. Ekki er gert ráð fyrir auknum álögum á landsmenn með stofnun Hamfarasjóðs eða að framlög úr sameiginlegum sjóðum verði aukin heldur er verið að horfa til þess að útvíkka nýtingu á tekjustofnun einstakra aðila sem komið hafa að þessum málum og samræma viðbrögð við áföllum sem dynja kunna yfir vegna náttúruhamfara. Tekjugrunnur sjóðsins verði einn sjötti

hluti af þeim eignarskatti sem lagður er á brunabótamat allra fasteigna í landinu og rennur nú í Ofanflóðasjóð eða 0,005%, framlag ríkissjóðs sem í dag rennur til A-deildar Bjargráðasjóðs, hlutfall af álögðum iðgjöldum viðlagatryggingar og hlutfall af innheimtum skatttekjum sveitarfélaga. Lagt verði mat á hversu mikil þörf nýja sjóðsins væri fyrir árlegt framlag og hlutföll af áður nefndum tekjustofnum í samræmi við þá þörf.

Jafnframt leggur nefndin til að hlutverk Ofanflóðasjóðs verði aukið til að sinna verkefnum varðandi forvarnir gegn náttúruvá almennt, þ.m.t. vinnslu hættumats fyrir allar tegundir náttúruvá. Lagt er til að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafi forgöngu um að endurskoða lög um hið aukna hlutverk sjóðsins með nýju nafni. Við þessa endurskoðun verði höfð hliðsjón af þeim verkefnum sem fyrirhugað er að ráðast í á vegum Ofanflóðasjóðs þannig að staðið verði við gefin fyrirheit þar að lútandi, svo sem að ljúka sem fyrst gerð varnavirkja vegna ofanflóðahættu í þéttbýli. Tekjustofn sjóðsins lækki og verði 0,025% af váttryggingarverðmæti allra húseigna og því aukast ekki álögur á eigendur fasteigna vegna stofnunar Hamfarasjóðs.

### **c) Almennar tillögur**

- Skýrt verði kveðið á um það í lögum að óheimilt sé að bæta váttryggjanlega áhættu (tjón) úr sameiginlegum sjóðum landsmanna (ríkissjóði) enda sé í boði váttryggingavernd hjá innlendum váttryggingfélögum vegna umræddrar áhættu.
- Óheimilt verði að greiða eigendum fasteigna bætur sem nema mismuni á gildandi brunabótamati og endurmetnu brunabótamati eftir að tjónsatburður á sér stað.
- Sérstakar kynningar fari fram meðal almennings um tjónabætur og styrki í kjölfar náttúruhamfara á vegum Hamfarasjóðs, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Húseigendur verði hvattir til að uppfæra brunabótamat í kjölfar breytinga á verðmæti húseigna vegna endurbyggingar eða endurbóta á fasteignum.
- Samráðshópur ráðuneytisstjóra verði lögfestur og hafi yfirumsjón með málefnum sem upp koma við náttúruhamfarir. Lagt er til að samráðshópurinn geti gert tillögur til ríkisstjórnar um úrlausn tiltekinna mála ef nauðsyn krefur.

- Verklagið „Háskastig aðgerða vegna náttúruhamfara“<sup>1</sup> verði fest í sessi sem sú aðferð sem beita skal þegar tekin er ákvörðun um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði vegna fyrstu aðgerða í kjölfar almannavarnaástands.
- Hlutaðeigandi yfirvöld almannavarnaáðgerða, sem stofna til kostnaðar, skuli á neyðarstigi gera fulltrúa ríkislögreglustjóra í Samhæfingar og stjórnstöð (SST) grein fyrir ráðstöfunum sem gerðar hafa verið, svo fljótt sem unnt er. Á hættu- og óvissustigi skal leita samþykkis ríkislögreglustjóra um fyrirhuguð útgjöld. SST vinnur samkvæmt föstum verkferlum við þarfagreiningu slíkra útgjalda og þurfa þau að falla að þeim markmiðum sem unnið er eftir í almannavarnaástandi hverju sinni. Beiðnir um greiðslur þurfa að berast ríkislögreglustjóra eins fljótt og auðið er og ekki síðar en 6 vikum eftir að til þeirra er stofnað. Ábyrgð á greiðslum er hjá Hamfarasjóðnum skv. kostnaðaryfirliti frá ríkislögreglustjóra. Kostnaður vegna samþykktra aðgerða skal greiðast að fullu.
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sinni áfram því hlutverki að koma á fót þjónustumiðstöð í þeim tilfellum sem náttúruhamfarir verða sem áhrif hafa á íbúa á tilteknum svæðum
- Ríki og sveitarfélög móti verklagsreglur um húsnæðisaðstoð við íbúa á hamfarasvæðum og eins þá sem þurfa að flytja að heiman vegna yfirvofandi hættuástands. Tekið verði mið af því verklagi sem mótað hefur verið varðandi húsnæðisaðstoð á liðnum árum.
- Settar verði reglur um að verktakar með vinnuvélar sem fengnir eru til starfa við björgun verðmæta í náttúruhamförum, t.d. í eldgosum og flóðum og verða fyrir tjóni á tækjunum af völdum náttúruhamfara geti sótt um styrk til Hamfarasjóðs til að bæta slíkt tjón.

#### **d) Tillögur sem lúta að almennri tryggingarvernd**

- Leitað verði samstarfs við almennu váttryggingafélögin um að bjóða rekstrarstöðvunartryggingar sem bæti tjón sem verði af völdum náttúruhamfara. Jafnframt verði kannaður vilji váttryggingafélaga til að bjóða einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum náttúruhamfaratryggingar

<sup>1</sup> Viðauki XI Háskastig aðgerða vegna náttúruhamfara á almannavarnastigi



sem hluta af samsettri váttryggingarvernd og myndu þá vera umfram þá váttryggingavernd sem VTÍ býður uppá.

### **e) Tillögur sem lúta að Viðlagatryggingum Íslands**

- Þau verðmæti sem tengd eru húseignum, s.s. stéttar, tröppur, skjólgirðingar, pallar og lagnir til og frá veitukerfum, og ekki eru hluti af váttryggingarfjárhæð viðlagatryggingar, verði hluti váttryggingarverðmætis. Tryggja skal að húseigendum sé ljós sú skylda sem á þeim hvílir að tilkynna til Þjóðskrár allar breytingar og viðbætur sem verða á fasteigninni og þeim verðmætum sem henni tengjast, sem skylt er að meta brunabótamati (s.s. pöllum og öðrum byggingum á lóð fasteignar).
- Vinna þarf greiningu á hæfilegum iðgjöldum fyrir þau verðmæti sem bætt verður inn í váttryggingvernd Viðlagatryggingar Íslands.
- Lögum um Viðlagatryggingu Íslands verði breytt þannig að skilyrt verði að tjónabætur verði greiddar út eftir framvindu viðgerða.
- Rif og förgun er innifalin í váttryggingarfjárhæð húseigna. Þegar tjón verður skuli tjónabótum vegna rifs og förgunar haldið eftir þar til framkvæmd er lokið. Heimilt verði að greiða þann hluta bótanna til sveitarfélagsins ef eigandi sinnir ekki rífi og förgun.
- Í þeim tilfellum sem skemmdir eru það umfangsmiklar á fasteignum að hús teljist ekki viðgerðarhæf, verði heimiluð uppkaup Viðlagatrygginga Íslands á viðbyggingum eins og til dæmis bílskúrum og öðrum slíkum verðmætum sem eru hluti af viðkomandi fasteign, jafnvel þó þau hafi ekki skemmst verulega.
- Nefndin skoðaði hvort koma ætti á skyldu til að viðlagatryggja innbú og tryggja tjónþolum lágmarks tjónabætur til að endurnýja glatað innbú í kjölfar náttúruhamfara en taldi að eftirlit yrði erfitt með framkvæmdinni. Þess í stað er lögð áhersla á að efla upplýsingagjöf um lög og reglur Viðlagatryggingar Íslands og einnig á að upplýsa fólk um núverandi váttryggingarvernd.

### 3. Umboð og starf nefndarinnar

Í nóvember 2010 skipaði forsætisráðherra nefnd sem falið var að gera tillögur sem miðuðu að því að „tjónþolar í náttúruhamförum fengju bætur samkvæmt föstum verklagsreglum og ríkissjóður stæði ekki frammi fyrir óvæntum og stórfelldum útgjöldum eins og raunin hefur verið.“ Í skipunarbréfunum sagði að þess væri óskað að „farið verði yfir viðeigandi lög og reglugerðir og gerðar tillögur að breytingum með það fyrir augum m.a. að tryggja að öll meiri háttar efnisleg verðmæti sem farið geta forgörðum í náttúruhamförum falli innan viðlaga- og tryggingakerfis. Jafnframt verði gerðar tillögur um tekjuöflun/iðgjöld sem standi undir bótum og tryggingum vegna náttúruhamfara.“

Ólafur Örn Haraldsson var skipaður formaður nefndarinnar, en auk hans voru Víðir Reynisson deildarstjóri almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra, tilnefndur af innanríkisráðuneyti, Baldur P. Erlingsson tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti), Eydís Eyjólfsdóttir, starfsmaður forsætisráðuneytis, skipuð án tilnefningar, Hafsteinn Pálsson, tilnefndur af umhverfisráðuneyti (nú umhverfis- og auðlindaráðuneyti), Herdís Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hulda Ragnheiður Árnadóttir, tilnefnd af Viðlagatryggingu Íslands, Ingbór Karl Eiríksson, tilnefndur af fjármálaráðuneyti (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti), Hildur Traustadóttir tilnefnd af stjórn Bjargrásjóðs og Oddur Einarsson tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti). Af hálfu efnahags- og viðskiptaráðuneytis (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis) var Auður Ýr Steinarsdóttir tilnefnd, en í hennar stað störfuðu Guðmundur Kári Kárason og síðan Kjartan Gunnarsson í nefndinni. Starfsmaður nefndarinnar var Guðrún Jóhannesdóttir verkefnastjóri, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Nefndinni til ráðgjafar voru Arnór Snæbjörnsson og Sigurður Örn Guðleifsson lögfræðingar í forsætisráðuneyti.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar í desember 2010 og hélt síðan að jafnaði fundi einu sinni til tvisvar í mánuði. Nefndin boðaði til fundar við nefndina fulltrúa Bændasamtaka Íslands, Sambandis íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélaga á Suðurlandi, helstu váttryggingafélaga og umboðmenn endurtryggjenda Viðlagatryggingar Íslands til að leita eftir viðhorfum þeirra varðandi einstök málefni sem tengjast verkefnum nefndarinnar.

Í samræmi við umboð nefndarinnar er í skýrslu þessari leitast við að afmarka helstu álitafni og setja fram tillögur. Dregin er upp heildstæð mynd af kerfi váttryggingarbóta og stuðnings úr opinberum sjóðum vegna náttúruhamfara í því skyni að koma auga á styrkleika

og veikleika. Tekin eru saman helstu verðmæti og tjónsáhættur sem falla utan váttryggingarverndar og leitast við að kanna kosti þess og galla að víkka út verndina. Settar eru fram tillögur að skýrum verkferlum um framgang og meðferð mála til að bæta stjórnsýslu og draga úr kostnaði.

Reynsla almannavarna síðustu áratuga af viðbrögðum við hamförum var notuð sem viðmið nefndarinnar á þeim efnislegu verðmætum sem farið geta forgörðum. Sérstaklega var skoðaður kostnaður sem fallið hefur utan við viðlaga- og tryggingakerfið og þáttur Viðlagatryggingar Íslands, Ofanflóðasjóðs, Bjargráðasjóðs og almennra váttrygginga í því ferli. Þá er fjallað um kostnað ríkis og sveitarfélaga vegna hamfara. Kostnaðaryfirlit yfir nýlega atburði er að finna í viðaukum<sup>2</sup> við skýrsluna.

#### **4. Tjónabætur í náttúruhamförum**

Nefndin gerði úttekt á tegundum náttúruhamfara<sup>3</sup> á Íslandi og skoðaði hvernig váttryggingar af völdum þeirra er háttáð. Hér á eftir er lýst þeim aðilum sem greiða bætur og veita styrki vegna tjóna af völdum náttúruhamfara hér á landi samkvæmt lögum.

##### **a) Viðlagatrygging Íslands**

Með lögum nr. 52/1975 var komið á skylduváttryggingu gegn eldgosum, jarðskjálftum, skriðuföllum, snjóflóðum og vatnsflóðum. Viðlagatrygging Íslands (VTÍ) tók við eignum og skuldum Viðlagasjóðs, sem settur var á fót vegna eldgossins í Vestmannaeyjum árið 1973. Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að váttryggja gegn tjóni af völdum ofangreindra náttúruhamfara.

Viðlagatrygging Íslands (VTÍ) er váttryggingafélag í eigu ríkisins undir yfirumsjón atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, með sjálfstæðan fjárhag. VTÍ hefur starfsleyfi sem váttryggingafélag og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Stofnunin annast váttryggingu gegn tjóni af völdum náttúruhamfara í samræmi við lög nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands.

Stofnunin váttryggir gegn beinu tjóni á eignum af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða, sbr. 4. og 5. gr. laganna.

---

<sup>2</sup> Sjá viðauka III. Styrkveitingar vegna Suðurlandsskjálfta og viðauka IV. Fjárveitingar vegna eldgosanna 2010 og 2011

<sup>3</sup> Sjá viðauka I. Listi yfir náttúruhamfarir

Skylt er að váttryggja allar húseignir sem eru brunatryggðar hjá váttryggingarfélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Innheimta iðgjalda viðlagatrygginga fylgir iðgjöldum brunatrygginga húseigna sem er lögbundin skylduváttrygging. Auk þess er skylt að váttryggja lausafé sem er brunatryggt hjá váttryggingarfélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi.<sup>4</sup> Váttryggingarskyldan nær einnig til lausafjár sem váttryggt er almennri samsettri váttryggingu er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík váttrygging undir eignatryggingar samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi, skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 um VTÍ. Eigin áhætta váttryggðs er 5% en þó ekki lægri en 20.000 kr. vegna lausafjár, 85.000 kr. vegna fasteigna.

Auk framangreinds nær váttryggingarskylda til mannvirkja skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 um VTÍ sem ekki er skylt að brunatryggja, s.s. veitumannvirkja ýmiss konar, brúa sem eru 50 m eða lengri, raforkuvirkja, síma- og fjarskiptamannvirkja í eigu hins opinbera og skíðalyfta. Eigin áhætta váttryggðs er 5% en þó ekki lægri en 850.000 kr. vegna eigna skv. 2. mgr. 5. gr. laganna.

Önnur verðmæti en þau sem upp eru talin í lögum um VTÍ njóta ekki verndar við náttúruhamfarir. Þar má t.d. nefna innbú og lausafé sem ekki hefur verið váttryggt gegn bruna, ökutæki og vinnuvélar sem ekki eru húftryggð<sup>5</sup> (kaskó) og mannvirki sem tíðkast ekki að brunatryggja, s.s. girðingar, hleðslur, hellulagnir, heimavatnsveitur, vatnsból, ræktun og gróður.

Iðgjald VTÍ er ákveðið með lögum en tekur ekki mið af metinni áhættu á hverjum stað. Iðgjöld nema 0,25% af váttryggingarfjárhæð, sem er brunabótamat þegar um er að ræða húseignir og 0,2% þegar um er að ræða eignir sveitarfélaga og veitustofnana sem skylt er að váttryggja skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992.

Bókfærð iðgjöld til VTÍ árið 2011 voru 2.058 m.kr., 2010 voru þau 1.970 m.kr., árið 2009 um 1.900 m.kr. og árið 2008 um 1.611 m.kr. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru fjárfestingartekjur. Stofnunin endurtryggir áhættu sína hjá erlendum aðilum og er eigin áhætta vegna ársins 2012, alls 10 milljarðar. Iðgjöld vegna endurtrygginga námu á árinu 2011 alls 414 m.kr., samanbórið við 439 m.kr. fyrir árið 2010. Geta stofnunarinnar til að greiða bætur

---

<sup>4</sup> Mannvirki á lóðum fasteigna s.s. sólpallar og heitir pottar sem eru hluti af fasteign á að reikna með í brunabótamat eignar og fellur þá undir váttryggingarskyldu hjá VTÍ. Tryggingafélögin hafa einnig selt viðbótarbrunatryggingar vegna tiltekinnna verðmæta þó að þau hafi ekki verið metin inn í brunabótaverðmæti eignanna.

<sup>5</sup> Húftrygging bætir tjón vegna: Grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs, þó ekki vegna sjávarflóða. Húftrygging undanskilur bótaskyldu vegna: Jarðskjálfta, eldgoss eða annarra náttúruhamfara, sbr. þó gr. 4.5.

vegna eins tjónsatburðar er um 40 milljarðar króna en heildarbótaskylda vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar eða 1% af samanlögðum váttryggingarfjárhæðum sem nemur um 89 milljarði króna.

Útgreiðslur vegna tjóna voru 5,3 milljarðar króna árið 2008, 3,6 milljarðar árið 2009, 833 milljónir árið 2010 og 596 milljónir árið 2011, samtals um 10 milljarðar á árunum frá 2008-2011. Þar af eru tæplega 9,6 milljarðar vegna jarðskjálftans á Suðurlandi 2008.

Tjónþolar fá váttryggingabætur greiddar út kvaðalaust nema þegar fasteign er veðsett. Í þeim tilfellum er veðhafa gefinn kostur á að tryggja að fjármunum sé varið til endurbóta á veðandlagi skv. VII kafla laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Að öðru leyti heimila lög um VTÍ ekki setningu skilyrða um að greiðsla tjónabóta sé háð viðgerðum á eignunum. Til samanburðar má geta þess að skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna, nr. 809/2000, skal váttryggingarbótum varið til viðgerða á húseign eða endurbyggingu á því. Váttryggingafélagi er þannig skylt að sjá til þess að bótum sé varið til þess að bæta það tjón sem varð á húseign.

Á nokkrum stöðum í stjórnsýslunni eru skráðar upplýsingar um fasteignir og ástand þeirra. Byggingarfulltrúar bera ábyrgð á byggingarmálum skv. mannvirkjalögum nr. 160/2010 og annast leyfisveitingar vegna framkvæmda við endurbætur og niðurrif húsa. Viðlagatrygging skráir öll tjón í sérstakan gagnagrunn, þar sem skilgreint er hvers eðlis tjón er og hvaða fjárhæðir eru greiddar út til að bæta eigendum tjón á eignum. Þegar skemmdir verða á burðarvirki húsa sendir VTÍ byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags tilkynningu þar um. Þá mæla mannvirkjalög fyrir um að váttryggingafélög skulu senda Mannvirkjastofnun upplýsingar ár hvert um bætt tjón á mannvirkjum, auk þess sem Þjóðskrá hefur yfir að ráða öflugum gagnagrunni yfir allar fasteignir í landinu sem unnt væri að færa upplýsingar inn í til að þær gagnist í opinberri upplýsingagjöf. Ekki hefur verið lagt mat á það í vinnu nefndarinnar hvort persónuverndarlög kunní að hafa áhrif á skráningu upplýsinga með þessum hætti.

Í kjölfar atburða sem áttu sér stað árin 2000 og 2008 voru unnar skýrslur um atburðina á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og forsætisráðuneytis, þar sem m.a. var fjallað um það verklag sem viðhaft var hjá VTÍ í kjölfar atburðanna. Þar kom fram nokkur gagnrýni á upplýsingagjöf til tjónþola m.a. um ágreiningsmál og skort á formlegum reglum um meðferð og afgreiðslu bótamála. Frá þeim tíma hafa farið fram verulegar úrbætur á verkferlum hjá VTÍ. Í janúar 2012 var innleitt gæðakerfi þar sem tekið er á öllum helstu verkefnum

stofnunarinnar sem snúa að meðferð tjonstilkynninga, framkvæmd tjonamats, kynningu og afgreiðslu matsgerða, meðferð ágreiningsmála og varðveislu gagna. Hlutverk VTÍ er ólíkt öðrum váttryggingafélögum þar sem fylgja þarf bæði lögum sem gilda um váttryggingarsamninga sem og skráðum sem óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar við ákvarðanatöku sem varðar réttindi og skyldur borgaranna. Vegna þessa tvíþætta hlutverks var í úrbótaverkefnum á vegum VTÍ, sérstaklega unnið með verkferla við meðferð mála, þar sem rik áhersla var lögð á að tjonþolar fengu tækifæri til andmæla áður en ákvörðun um tjonabætur væri tekin<sup>6</sup>. Stefnt er að því að VTÍ fái ISO9001 vottun á árinu 2013.

### **b) Almennir váttryggingarsamningar**

Í frjálsum eignatryggingum, sem almennu váttryggingafélögin bjóða hér á landi, er tjon af völdum náttúruhamfara oftast undanskilið. Foktjon eru hins vegar bætt af váttryggingafélögunum, en viðlagatryggingin tekur ekki til slíkra tjonatburða. Í þeim skilmálum sem nefndin skoðaði, bætir óveðurstrygging húsa tjon af völdum vinds, nái vindhraði 28,5 metrum á sekúndu. Tjon af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri er einungis bætt hafi vindur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Dæmi eru um að almennir tryggingarskilmálar félaganna nái að einhverju leyti yfir aðra náttúruvá en óveður, sbr. t.d. húftryggingar ökutækja og fiskiskipa. Þótt í skilmálum félaganna séu undanskildar náttúruhamfarir á borð við jarðskjálfta, skriðuföll, snjó- og vatnsflóð, þá er engu að síður mögulegt að fyrirtæki semji sérstaklega um ríkari váttryggingarvernd. Margskonar tjon af völdum náttúruhamfara getur fallið undir váttryggingarskilmála váttrygginga sem almennu váttryggingafélögin bjóða upp á. Þar er t.d. um að ræða: borholur og virkjanir, síma- og fjarskiptamannvirki í einkaeigu (ef mannvirkin eru brunatryggð eru þau sjálfkrafa váttryggð gegn náttúruhamförum), flugvélar í einkaeigu og efni á byggingastað. Þessi verðmæti er hægt að váttryggja gegn bruna og þau þá váttryggð hjá VTÍ gegn náttúruhamförum.

---

<sup>6</sup> Viðauki X. Ferill tjoná og úrskurður stjórnar hjá Viðlagatryggingu Íslands

### c) Bjargráðasjóður

Samkvæmt lögum nr. 49/2009<sup>7</sup> um Bjargráðasjóð er hann að jöfnu í sameign ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Lögum um Bjargráðasjóð var breytt árið 2009 þegar sveitarfélögin sem áður voru aðilar að sjóðnum drógu sig út úr sjóðnum.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, annarsvegar almenna deild, sem nýtur framlaga af fjárlögum auk vaxtatekna af höfuðstól, og hins vegar búnaðardeild, sem er fjármögnuð með hlutdeild í búnaðargjaldi, skv. lögum nr. 84/1997. Hlutverk almennu deildarinnar er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara á

- (i) gjaldskyldum fasteignum samkvæmt skilgreiningu laga um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög um Þjóðskrá Íslands, og girðingum, túnnum og rafmagnslínnum er tengjast landbúnaði,
- (ii) heyi sem notað er við landbúnaðarframleiðslu og
- (iii) vegna uppskerubrests af völdum óvenju mikilla kulda, þurrka, óþurrka og kals. Tekið er fram í lögunum að ekki sé bætt tjón sem nýtur almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. lög um Viðlagatryggingu.<sup>8</sup>

Fast árlegt framlag ríkissjóðs til almennrar deildar Bjargráðasjóðs var 10 m.kr. á árunum 2010 og 2011. Árlegar tekjur búnaðardeildar sjóðsins námu á sama tíma rúmum 95 m.kr. Í ljósi takmarkaðra tekjustofna almennrar deildar sjóðsins er ljóst að fjármagn sjóðsins dugir skammt ef verulegar náttúruhamfarir verða. Sú varð enda raunin við eldgosið í Eyjafjallajökli 2010. Varð ríkissjóður að leggja sjóðnum til 190 m.kr. viðbótarframlag af fjárlögum svo hann gæti risið undir viðfangsefnum sínum. Sjóðurinn hefur einnig notið framlaga úr ríkissjóði til að geta greitt bætur til bænda af völdum öskufalls frá Grímsvötnum 2011. Strax við upphaf eldgossins í Eyjafjallajökli setti stjórn sjóðsins ítarlegar reglur um aðstoð vegna tjóns af völdum öskufalls og flóða vegna eldgoss.<sup>9</sup>

Sjóðurinn hefur reynst mikilvægur á síðustu árum til að bæta m.a. kal í túnnum (úr almennri deild), uppskerutjón í kartöflurækt og tjón af völdum sjúkdóma í alifuglarækt (úr

<sup>7</sup> Sjá viðauka um aðdraganda lagabreytinga um Bjargráðasjóð.

<sup>8</sup> Búnaðardeildin kemur ekki við starf nefndarinnar. Hún hefur að viðfangi að bæta meiri háttar tjón, einkum á búfé, búfjárafurðum og uppskeru, vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa.

<sup>9</sup> Sjá viðauka VII Greiðsla bóta úr Bjargráðasjóði í náttúruhamförum

búnaðardeild). Miðað við núverandi tekjustofna og fyrirkomulag hefur verið hægt að milda áföll með framlögum sjóðsins, þótt langt frá því sé hægt að bæta þau að fullu.

#### **d) Ofanflóðasjóður**

Ofanflóðasjóður er forvarnasjóður vegna ofanflóða sem stofnaður var árið 1985. Eftir að mannskæð snjófljóð féllu í Súðavík og á Flateyri 1995 var sjóðurinn efldur verulega. Megintilgangurinn með eflingu Ofanflóðasjóðs var að aðstoða þau sveitarfélög sem bjuggu við snjóflóðahættu með tímabundnu átaki við að tryggja öryggi eldri íbúðabyggða. Nýjar kröfur um hættumat á nýjum byggingarsvæðum áttu að tryggja að ekki yrði byggt íbúðarhúsnæði á hættusvæðum. Meginhlutverk sjóðsins er því að kosta fyrirbyggjandi framkvæmdir vegna hugsanlegra snjóflóða og skriðufalla, sbr. 13. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Fjármunum sjóðsins er ráðstafað til varna gegn ofanflóðum, m.a. til að greiða kostnað „við gerð hættumats Veðurstofu Íslands skv. 4. gr. laganna vegna ofanflóða, þ.m.t. kostnað við starfsemi hættumatsnefnda“, sbr. 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laganna. Þyngstu kostunarliðir sjóðsins falla þó til vegna byggingar og viðhalds varnarmannvirkja og uppkaupa á fasteignum innan skilgreinds hættusvæðis, sbr. 3.-5. tl. 1. mgr. 13. gr. laganna. Sjóðurinn nýtur tekna af gjaldi sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir, sem nemur 0,3% af váttryggingarfjárhæð eignar, og er innheimt með iðgjaldi til brunatrygginga en iðgjald viðlagatryggingar er 0,25% af váttryggingarfjárhæð.

Unnið hefur verið að vörnum og öðrum aðgerðum til að auka öryggi byggðar í eftirtöldum sveitarfélögum: Snæfellsbæ (Ólafsvík), Vesturbyggð (Bíldudalur), Ísafjörður (Flateyri, Hnífsdalur og Ísafjörður), Súðavík, Fjallabyggð (Ólafsfjörður og Siglufjörður), Eyjafjarðarsveit, Seyðisfjörður og Fjarðabyggð (Norðfjörður). Framkvæmdir standa nú yfir eða eru í undirbúningi í Vesturbyggð, Bolungarvík, Ísafirði, Fjallabyggð og Fjarðabyggð. Auk þessa sýnir hættumat að einhverra aðgerða er þörf í nokkrum öðrum sveitarfélögum, sem hér eru ótalin. Áætlanir stjórnar Ofanflóðasjóðs miða að því að framkvæmdum við varnir ljúki ekki síðar en 2020. Árlegar tekjur sjóðsins sem eru forvarnargjald og fjármunatekjur voru árið 2010 um 2160 m.kr., árið 2009 um 2.330 m. kr. og árið 2008 um 1.940 m.kr. Útgjöld árið 2010 voru um 685 m.kr., árið 2009 um 680 m.kr. og árið 2008 um 820 m.kr. Eigið fé sjóðsins í lok árs 2010 var um 9.000 m.kr. en gróflega áætlaður kostnaður við að ljúka því verkefni sveitarfélaganna sem hófst 1996 er talið vera um 14 til 17 milljarðar króna.



Í febrúar 2012 var gerð breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 sem heimila ofanflóðasjóði að taka þátt í kostnaði vegna vinnu við hættumat fyrir eldgos (lög nr. 22/2012 gilda í þrjú ár).

## 5. Endurskoðun á umfangi váttryggingarverndar

Nefndin skoðaði váttryggingarvernd í hamförum síðustu ára og kom fram að það er helst tjón á óváttryggðum en váttryggjanlegum eignum sem koma til úrlausnar hjá opinberum aðilum og tjón sem ekki er mögulegt að váttryggja gegn náttúruhamförum.

### a) Váttryggjanleg verðmæti

Í þeim atburðum sem orðið hafa á undanförunum árum og reynt hefur á váttryggingarvernd VTÍ hafa komið í ljós tilvik, þar sem váttryggjanlegar eignir reynast óváttryggðar þegar atburður hefur orðið. Fyrir þessu geta verið mismunandi ástæður svo sem vanþekking á forsendum váttryggingarverndar VTÍ eða jafnvel viljaleysi til að tryggja.

Samkvæmt gildandi lögum um VTÍ er skylt að váttryggja allar húseignir hér á landi og allt lausafé sem jafnframt er brunatryggt. Váttryggingarskyldan hvílir á eigendum húseigna sem og skyldan til þess að láta endurmeta eign ef gerðar eru á henni meiriháttar lagfæringar eða breytingar. Váttryggingarfjárhæð húseignar er hin sama og brunabótamat hennar, en nokkuð virðist á skorta varðandi endurmat og viðbætur sem gerðar eru eftir að húseign er metin í upphafi. Sólpallar og önnur mannvirki sem bætast við síðar eru hluti af húseigninni og þarf að meta sérstaklega inn í brunabótamat til að þau falli undir váttryggingarverndina. Gróðurhús er hægt að váttryggja, en til þess þarf að hafa fengist tilskilið leyfi fyrir byggingu og að það sé skráð í grunn Þjóðskrár og að af því séu greidd viðeigandi iðgjöld. Skv. 1. gr. laga nr. 48/1994 er skylt að váttryggja hús í smíðum brunatryggingu sem leiðir til þess að viðkomandi hús er viðlagatryggt.

Reynslan sýnir að brestir virðast á að opinber mannvirki, s.s. veitumannvirki og brýr, njóti váttryggingarverndar þegar á hefur reynt. Það er á ábyrgð eigenda að skila inn upplýsingum um breytingar á hinum váttryggðu verðmætum. VTÍ hefur á síðastliðnu ári gert átak í að kynna ábyrgð sveitarfélaga í þessum efnum á vettvangi veitustjóra og tæknimanna í sveitarfélögum.

Sé lausafé brunatryggt er greitt iðgjald til VTÍ. Sé brunatrygging ekki hluti lausafjártryggingar kemur ekki til bóta úr viðlagatryggingu. Til dæmis eru vinnuvélar og vélknúin ökutæki sem vátryggð eru lausafjártryggingu ekki alltaf með vátryggingavernd gegn náttúruhamförum, en í sumum tilfellum hafa vátryggingafélögin sjálf vátryggt fyrir þeirri áhættu. Ekki hefur verið greitt viðlagatryggingariðgjald vegna hjóla, tengivagna, hjólhýsa, tjaldvagna og af kerrum. Eingöngu er hægt að tryggja dælur og búnað í borholum en borholan sjálf er óvátryggjanleg. Síma- og fjarskiptamannvirki, vatns og fráveitur og bryggjur við vötn og ár eru tryggjanleg lausafjártryggingu en ekki hefur verið innheimt iðgjald vegna viðlagatryggingar af þeim verðmætum.

Umræður um óvátryggð innbú voru fyrirferðarmikill þáttur í nefndarstarfinu. Rætt var um hvaða leiðir væru mögulegar til að tryggja tjónþolum lágmarks tjónabætur til að endurnýja glatað innbú í kjölfar náttúruhamfara. Hugmyndir voru uppi um hvort í brunatryggingu fasteigna ætti að vera ákveðin grunnfjárhæð sem tryggir lágmarksþörf heimila fyrir innbú ef endurnýjunar er þörf vegna hamfara voru til skoðunar. Ýmsar leiðir voru ræddar í nefndinni um skyldutryggingu á innbúi, en niðurstaðan var ávallt sú að eftirlit yrði erfitt með framkvæmdinni og jafnræði yrði ekki náð með skyldu til að viðlagatryggja innbú. Niðurstaðan nefndarinnar var því sú að rétt væri að hrófla ekki við gildandi löggjöf.

## **b) Óvátryggjanleg verðmæti**

Nefndin tók saman yfirlit yfir helstu verðmæti sem falla utan gildissviðs viðlagatryggingar eða annarra náttúruhamfaratrygginga þegar kemur að vátryggingarvernd í náttúruhamförum. Einungis verður fjallað um helstu verðmæti hér, en heildarlistann má finna í viðauka<sup>10</sup>

Rotþrær og lagnir frá grunni húsa, út að lóðarmörkum, eru ekki metnar þegar brunabótamat húseigna er ákvarðað og þar af leiðandi ekki viðlagatryggðar. Nokkuð kvað að slíku tjóni við jarðskjálftann árin 2000 og 2008, þegar frárennislagnir fóru í sundur. Ríkissjóður styrkti viðgerð í slíkum tilvikum upp að 80% af áætluðu verðmæti.

Heimreiðar og bæjarhlöð geta orðið fyrir verulegu tjóni af völdum ösku, flóða og jafnvel hraunrennslis, en tjón á þeim eru ekki tryggð fyrir náttúruhamförum.

---

<sup>10</sup> Viðauki III og IV

Kannað var hvaða leiðir eru færar til að verðmeta og iðgjaldareikna búnað á lóðum sem ekki telst hluti af fasteign og getur því ekki talist með í brunabótamati eignar, s.s. leiktæki, stoðveggir, frístandandi skjólveggir, steypar- hellulagðar og malbikaðar stéttir og bílastæði, steyptir, hellulagðir, og timburpallar, ljós í lóð, rafmagns- og regnvatnslagnir, skolplagnir, snjóbræðslu, skýli og heita potta. Verkfræðistofan Verkís á Selfossi vann fyrir nefndina bráðabirgðatillögu að útreikningi á hámarksvernd eða þak á fjárhæð bóta fyrir búnað á lóðum<sup>11</sup>. Til að unnt sé að gera tillögur um fyrirkomulag váttrygginga í náttúruhamförum þarf að leggja frekari vinnu í að verðmeta verðmæti og forsendur fyrir álagningu iðgjalda.

Rekstraraðilar á áfallasvæðum geta orðið fyrir umtalsverðu tjóni vegna rekstrarstöðvunar eða ef verulega dregur úr viðskiptum á meðan á hamförum stendur eða eftir þær. Sem dæmi má nefna ef ferðaþjónustuaðili missir viðskipti vegna afbókana við það að umferð fólks er takmörkuð á tilteknum svæðum í öryggisskyni. Annað dæmi er ef laxveiði spillist þannig að tekjumissir verður af sölu laxveiðileyfa. VTÍ váttryggir gegn beinu eignatjóni og því eru slík rekstrartjón ekki bætt í viðlagatryggingu. Unnt er að kaupa rekstrarstöðvunartryggingu sérstaklega hjá váttryggingafélögunum En samkvæmt upplýsingum nefndarinnar fellur bótaskylda rekstrarstöðvunartrygginga frá almennu tryggingafélögunum niður við náttúruhamfarir.

Í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli 2010 var nokkuð um bilanir á vélum og bifreiðum sem í mörgum tilfellum mátti rekja til öskusöfnunar í leguhúsum og lofthreinsibúnaði. Ábyrgðartrygging vinnuvéla og bifreiða er lögboðin ábyrgðartrygging en ekki eignatrygging. Slík trygging bætir því ekki tjón á eignum tryggjandans þ.á.m. tjón á eignum af völdum náttúruhamfara. Þá var einnig nokkuð rætt um tjón á vatnsbólum og heimarafstöðvum. Í nefndinni var sérstaklega rætt hvernig fara skuli með tjón á vélum og tækjum verktaka eða annarra aðila sem fengnir eru til starfa til að bjarga verðmætum í náttúruhamförum. Reynslan sýnir að oft vinna margir óeigingjarnt starf til að bjarga verðmætum t.d. í flóðum og eldgosum, en sitja jafnvel uppi með stórskemmdar vélar eftir verkefnin. Engar váttryggingar ná yfir tjón sem verða af völdum náttúruhamfara, jafnvel þó að verkefnin snúist um að bjarga öðrum verðmætum.

Verðmæti í eigu bænda sem falla utan váttryggingarverndar VTÍ eru m.a. tún, akrar, fráveituskurðir, ræsi, túnvegir, rafstöðvar, veitur, girðingar, hleðslur, plön, afurðatjón og

---

<sup>11</sup> Í viðauka IX er að finna fyrstu drög að útreikningum sem unnir voru að beiðni nefndarinnar við gerð skýrslunnar

hlunnindi, enda verðmæti þessi ekki hluti af brunabótamati og því ekki greidd iðgjöld vegna þeirra. Bændur sem greiða búnaðargjald geta sótt um stuðning frá Bjargráðasjóði vegna náttúruhamfara. Allir þeir sem leggja inn kjöt á sláturhúsi, þ.m.t. tómstundabændur, greiða búnaðargjald. Þeir sem ekki senda fénað í sláturhús greiða ekki búnaðargjald og eiga því ekki rétt á bótum úr sjóðnum. Í gildi er sérstakur rammSAMningur milli Bændasamtakanna og VÍS um tryggingar fyrir bændur frá 2008.<sup>12</sup> Í landbúnaðartryggingu er búfénaður brunatryggður og um leið tryggður gegn náttúruhamförum svo fremi að fénaðurinn sé á húsi þegar vátryggingaratburður á sér stað.

Auk þess eru ýmis verðmæti í eigu sveitarfélagana óvátryggð, eins og götur og vegir, bæjarhlöð og lóðir. Við jarðskjálfta getur orðið tjón vegna lóða þar sem sprungur myndast og lóðirnar því óbyggingarhæfar, en fjárfesting við gatnagerð og lagnir fara forgörðum og eru óvátryggðar. Sama gildir í þeim tilvikum þegar einkaaðilar standa að uppbyggingu heilla hverfa, þar sem öll lagnavinna er á þeirra ábyrgð fram að þeim degi er hverfin eru „afhent“ sveitarfélögunum.

## 6. Þátttaka opinberra aðila í kostnaði

Lög um almannavarnir nr. 82/2008 taka til samhæfðra almannavarnarviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands, sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og eignum. Almannavarnir undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara.

Við meiriháttar náttúruhamfarir hér á landi hafa aðrir opinberir aðilar en almannavarnir og sveitarfélög einnig víðtækt hlutverk og ábyrgð. Verulegur kostnaður getur fylgt aðgerðum þegar lýst er yfir almannavarnaástandi vegna hamfara og því mikilvægt að vinna eftir skýrum verklagsreglum í því skyni að draga úr óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum vegna náttúruhamfara.

---

Bændasamtök Íslands og Vátryggingafélag Íslands hf gerðu með sér rammSAMning um vátryggingar fyrir bændur sem miðast aðallega við búrekstur í sauðfjár- og nautgriparækt en nær einnig til bænda sem stunda annarskonar búrekstur

Hér er leitast við að greina þennan kostnað og hvernig bætt verklag geti skilað betri árangri með hliðsjón af líklegri fjárförf til framtíðar litið.

### **a) Ríkislögreglustjóri og aðrar stofnanir**

Ríkislögreglustjóri fer með málefni almanna og samhæfir aðgerðir þegar lýst er yfir almannaástandi. Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð er virkjuð í hamförum og sér ríkislögreglustjóri um rekstur stöðvarinnar. Stjórn aðgerða í héraði þegar almannaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannaástandarnefndar<sup>13</sup>, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila samkvæmt viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við Samhæfingar- og stjórnstöðina í Skógarhlíð.

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð hefur yfirsýn yfir aðgerðir í náttúruhamförum. Undir fyrstu viðbrögð fellur björgun mannlífa, björgun verðmæta, verndun umhverfis og nauðsynlegar fyrirbyggjandi og áhættuminnkandi aðgerðir.

Kostnaður í náttúruhamförum sem fellur til má skipta í tvo flokka eftir eðli þeirra. Fyrst eru svo kölluð lífsbjargandi verkefni og verkefni sem snúa að björgun verðmæta og öðrum tilfallandi verkefnum. Samkvæmt fyrrgreindum verkefnum er stigsmunur á því til hvaða kostnaðar má stofna til annars vegar neyðarstigi og hins vegar hættu- eða óvissustigi. Mikilvægt er að fastsetja verklag, þegar tekin er ákvörðun um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna fyrstu aðgerða í kjölfar náttúruhamfara og til hvaða verkefna má stofna til kostnaðar hverju sinni.

Almannaástandeild ríkislögreglustjóra heldur utan um upplýsingar um megnið af þeim kostnaði sem fellur til við lífsbjargandi aðgerðir og einnig að hluta til kostnað sem fellur til vegna björgunar verðmæta og aukins eftirlits

Kostnaður af starfsemi stöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ríkislögreglustjóra er heimilt að stofna og reka tímabundið þjónustumiðstöð vegna tiltekinnar hættu eða hættuástands.

---

<sup>13</sup> Í hverju sveitarfélagi, eða eftir atvikum nokkrum sveitarfélögum í sameiningu, er starfandi almannaástandarnefnd, sem sveitarstjórn skipar. Slíkar nefndir eru skipaðar sýslumanni/lögreglustjóra, sveitarstjórnarfulltrúum og þeim fulltrúum sveitarfélaga sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almanna borgara. Þær annast gerð viðbragðsáætlana vegna náttúruhamfara. Oft er ítarleg áhættugreining forsenda og grundvöllur viðbragðsáætlana. Sjá t.d. áhættugreiningu vegna eldgoss í Kötlu. <www.almannavarnir.is →Náttúruvá→Eldgos→Katla>. Sótt 25. maí 2011.

Verkefni þjónustumiðstöðvar felast meðal annars í upplýsingagjöf til almennings og þjónustu við þá aðila, sem hafa orðið fyrir tjóni. Ráðuneyti og sveitarfélög og undirstofnanir þeirra veita þjónustumiðstöðinni lið við miðlun upplýsinga og þjónustu.

Samráðshópur ráðuneytisstjóra og starfshópur sveitarfélaganna mótuðu árið 2008 verklagsreglur um hvernig farið skyldi með ótryggð tjón einstaklinga og fyrirtækja í Suðurlandsskjálftanum. Samráðshópurinn hefur haft yfirumsjón með greiðslum ríkisins í stórum hamförum, bæði í eldgosunum í Eyjafjallajökli 2010 og Grímsvötnum 2011. Styrkveitingar ríkissjóðs í kjölfar eldgosanna fóru að miklu leyti til ríkisstofnanna en ekki beint til einstaklinga eins og raunin var í kjölfar jarðskjálftans 2008. Ríkisstjórnin samþykkti að efla Bjargráðasjóð um samtals 270 m.kr. til að koma til móts við bændur á tjónasvæðinu í eldgosunum.

Kostnaður, beinn eða óbeinn, sem fellur á ráðuneyti og stofnanir þeirra liggur ekki endanlega fyrir meðan atburður varir. Í lengstu lög er leitast við að halda kostnaði innan fjárheimilda ársins, að virtum uppsöfnuðum heimildum. Vegna eldgossins í Eyjafjallajökli varð fljótlega ljóst að ekki var hjá því komist að auka fjárheimildir til þeirra stofnana sem mest útgjöld báru vegna eldgossins, auk kostnaðar björgunarsveita og Rauða kross deilda. Þess má geta að almennt fengu ríkisstofnanir ekki 100% fjármögnun viðbótarkostnaðar vegna hamfaranna, heldur var samþykkt í ríkisstjórn, eftir tillögu samráðshóps ráðuneytisstjóra að veita hlutfallslegt (75%) aukaframlag, enda er í flestum tilvikum um að ræða verkefni sem öllu jafna eru á verk- og ábyrgðarsviði viðkomandi stofnana.

## **b) Sveitarfélög**

Í kjölfar náttúruhamfara og annarra samfélagsáfalla hafa sveitarstjórnir forystu í málefnum sveitarfélaga og leiða endurreisn samfélagsins eftir áföll, svo fremi sem þær eru starfhæfar. Kostnaðarauki sveitarfélaga felst bæði í beinum kostnaði og ýmsum afleiddum ófyrirséðum kostnaði vegna aukinna verkefna. Einnig fellur til kostnaður af tjóni sem síðar komur í ljós. Í hamförum síðustu ára hefur umsókn um styrki og stuðning verið beint í fastmótaðan farveg hjá þjónustumiðstöðvum almannavarna sem léttir álagi af stjórnsýslu sveitarfélaga á hamfarasvæðum, sem eru undir miklu álagi vegna aukinna verkefna af völdum hamfaranna og uppbyggingarstarfs, enda þótt starfsmenn sveitarfélaga starfi vissulega í þjónustumiðstöðvunum. Í þjónustumiðstöðvum er hægt að koma erindum í fastan farveg til

úrlausnar samkvæmt verklagsreglum sem mótaðar eru, m.a. vegna húsnæðismála sem geta verið umfangsmikill þáttur í aðstoð við íbúa á hamfarasvæðum.

Í 26. gr. laga um almannavarnir segir að sveitarfélög eigi að greiða fyrir húsnæðisaðstoð og fæðiskostnað vegna íbúa sem fluttir eru af hættusvæði en þau geti síðan krafist þá sem fyrirgreiðslunnar nutu um endurgreiðslu. Hafa sveitarfélögin ítrekað bent á að þetta fyrirkomulag er alls óraunhæft, enda þótt verklega hafi verið bætt og samræmt hvað þetta varðar.

Löggjafinn hefur falið sveitarfélögum framkvæmd nærþjónustu, en svigrúm þeirra til athafna utan þess er takmarkað. Verkefni eftir náttúruhamfarir lúta að þessum daglegu verkefnum sem verða umfangsmeiri og tengjast öllum málaflokkum sveitarfélagsins um leið og mikla samvinnu þarf að hafa við aðra aðila innan stjórnsýslunnar.

Sveitarfélögin hafa enga markaða tekjustofna til að mæta auknu álagi vegna náttúruhamfara og fæst gera þau ráð fyrir þeim við áætlanagerð. Þessi aðstaða getur reynst einkar erfið í fámennum sveitarfélögum, en þar er einnig líklegra að þörf sé á utanaðkomandi aðkeyptri þjónustu. Hamfarir hafa mismunandi áhrif á samfélagið og til að mynda getur eldgos varað lengi; á sama tíma og leitast er við að styrkja og byggja samfélag upp. Það er mjög breytilegt hvers er þörf í hverju tilviki og því er mikilvægt að verkferlar séu sveigjanlegir og taki tillit til aðstæðna hverju sinni. Sveitarfélög verða fyrir auknum kostnaði vegna viðbótar álags ofan á önnur verkefni sem að öllu jöfnu er á verksviði þeirra. Einnig bætist við kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu sérfræðinga.

Sveitarfélögin hættu aðild að Bjargráðasjóði árið 2009 þar sem þau töldu starfsemi sjóðsins fremur atvinnumál einstakra atvinnugreina en sveitarstjórnarmál. Lengst af var Bjargráðasjóður í sameign ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka bænda og óskuðu sveitarfélög eftir úrsögn. Allar fjárhagslegar upplýsingar lágu fyrir þegar lögin um úrgöngu sveitarfélaga út sjóðnum voru samþykkt, og sá vilji löggjafans, að hlut sveitarfélaganna yrði ráðstafað með þeim hætti að sveitarfélög voru leyst undan þátttöku í sjóðnum og þeim greiddur út eignarhluti þeirra, um 400 m.kr., gegn yfirtöku allra lífeyrisskuldbindinga sem á sjóðnum hvíldu.

Skóða verður aukna fjárþörf sveitarfélaga vegna náttúruhamfara í samhengi við þá stjórnskipan fyrir stjórnsýslustig hins opinbera sem er til staðar í landinu. Sérstakur lagarammi hefur lengi gilt um tekjustofna sveitarfélaga, nú lög nr. 4/1995, þar sem allir tekjustofnar þeirra eru nánar skilgreindir. Þannig hefur sveitarstjórnarstiginu verið tryggt fullt sjálfstæði og skýr afmörkun gerð á tekjuöflunarkerfum og verkaskiptingu stjórnsýslustiganna. Útgjaldaaukning sveitarfélaga vegna náttúruhamfara hlýtur eðli máls samkvæmt að vera tímabundin. Jafnframt er hún alla jafna mjög staðbundin. Óraunhæft er að gera ráð fyrir því að hún verði fjármögnuð með tímabundnum breytingum á útsvars- og tekjuskattshlutfalli sveitarfélaga og ríkis enda verða slíkar breytingar ekki útfærðar nema með töluvert löngum fyrirvara.

## 7. Lokaorð

Meginárangur af starfi nefndarinnar eru tillögur sem miða að því að nær allt tjón af völdum náttúruhamfara verði fellt undir tryggingavernd af einhverju tagi. Lagt er til að stofnaður verði sérstakur hamfarasjóður, sem sinna skuli verkefnum varðandi forvarnir gegn náttúruvá og greiða bætur vegna náttúruhamfara sem ekki fást bættar úr vátryggingum. Í slíkan sjóð verði nýttir þeir tekjustofnar sem þegar eru fyrir hendi og renna til tjónþola í kjölfar náttúruhamfara, þannig að tryggt sé að álögur verði ekki auknar. Lagt er til að aðilar að slíkum sjóði verði auk ríkissjóðs ýmsir veigamiklir hagsmunaaðilar og burðarásar í kjölfar náttúruhamfara þ.á.m. sveitarfélögin og Bændasamtök Íslands. Meirihluti nefndarinnar samþykkir þá tillögu, en Hafsteinn Pálsson, fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðherra leggur til aðra útfærslu á þeim sjóði og skrifar undir tillögur nefndarinnar með þeim fyrirvara. Hann gerir þá tillögu að hamfarasjóðurinn hafi það hlutverk að greiða bætur vegna náttúruhamfara



sem ekki fást bættar úr váttryggingum en allt forvarnastarf vegna náttúruhamfara sem talið er nauðsynlegt að ríkissjóður kosti verði verkefni Ofanflóðasjóðs eins og verið hefur gagnvart ofanflóðum. Aðrar tillögur nefndarinnar snúa að verklagi og viðbrögðum sem dregið geta úr útgjöldum ríkissjóðs og aukið skilvirkni og gagnsæi í greiðslu bóta og styrkja vegna náttúruhamfara.

Reykjavík 19. desember 2012




Ólafur Örn Haraldsson




Baldur P. Erlingsson



Eydís Eyjólfsdóttir



Hafsteinn Pálsson, með fyrirvara



Herdís Sigurjónsdóttir




Hildur Traustadóttir




Hulda Ragnheiður Árnadóttir



Ingþór Karl Eiríksson



Kjartan Gunnarsson



Oddur Einarsson



Víðir Reynisson

## Viðaukar

### Viðauki I:

#### Listi yfir náttúruhamfarir

Hamfarir sem tillögur starfshóps um tjónabætur ná yfir. Afleiðingar þessara atburða geta verið keðjuverkandi þannig að t.d. geta flóð eyðilaggt veitukerfi og slíkt haft í för með sér tjón. Í listanum er ekki upptalning á slíkum atburðum heldur er horft til þess að grunnatburðurinn sé orsakavaldur tjóna þó afleidd séu.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur tekið saman lista yfir þá atburði sem skoða þarf í ljósi almannavarnaviðbragða en starfshópurinn ákvað að verksvið hans næði eingöngu til atburða sem skilgreina mætti sem náttúruhamfarir. Viðlagatrygging váttryggir gegn beinu tjóni af völdum eftirtaldra náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða.

Listi almannavarnadeildar er hluti af gögnum starfshópsins.

#### Óveður

Tryggingafélög hafa viðmið að þegar ákveðnum vindhraða er náð hætti tryggingar að bæta tjón. Hægt er að kaupa foktryggingu á frjálsa tryggingamarkaðinum sem miðar við vindstyrk 28m/s og yfir. Fok- og óveðurstryggingar eru sértryggingar (oft með fasteignatryggingu). Óveðurstjón falla ekki undir Viðlagatryggingu. Með óveðri er átt við ofsaveður þ.e. ef vindhraði nær 28,5m/s og hefur varað í að minnsta kosti 10 mínútur samfleytt skv. mælingu Veðurstofu Íslands (ef vindur rýfur þak, glugga eða veggi fasteignar).

#### Ofanflóð

Tjón falla undir Viðlagatryggingu

Snjóflóð

Krapaflóð

Grjóthrun

Aurskriður

#### Flóð í ám

Reglulega verða flóð í ám og vötnum vegna skyndilegar leysinga. Falla slík tjón að einhverju leyti undir skilmála viðlagatryggingar.

#### Sjávarflóð

Sjávarflóð fylgja oft óveðrum og þarf nokkar samliggjandi áhrifavalda til að hætta sé á miklu tjóni. Vindhraði, há sjávarstaða og ferill lægða eru helstu áhrifavaldar. Viðlagatrygging hefur bætt tjón vegna sjávarflóða.

## **Flóðbylgjur af hafi (tsunami)**

Jarðskjálftar, umfangsmikið berghrun, stór jökulhlaup og hrun á setlögum í landgrunni eru helstu áhættuþættir þegar um er að ræða flóðbylgjur af hafi.

## **Stíflurof**

Rof á stíflum geta komið bæði vegna tæknibilana, galla í hönnun eða em afleiðing annara náttúruhamfara t.d. jarðskjálfta eða jökulhlaupa.

## **Jarðskjálftar**

Jarðskjálftar hafa valdið tjóni fyrst og fremst á Suðurlandi og Norðurlandi.

## **Eldgos**

Öskufall

Jökulhlaup

Hraunrennsli

Eldský

Gjóskuflóð

Flúormengun

Mengun af brennisteinsvetni

## **Sinu- og kjarreldar**

Með aukinn nýtingu lands undir skógrækt í nánd við og umhverfis frístundabyggðir hefur hætta á miklu tjóni vegna sinu- og kjarrelda margfaldast. Viðlagatrygging nær yfir elda af völdum náttúruhamfara

## **Skyndilegar breytingar á jarðhitasvæðum.**

Bæði vegna jarðskjálfta sem og vegna óúttskýrðra atburða verða oft snöggar breytingar á jarðhitasvæðum. Á þó nokkrum stöðum er byggð við eða á slíkum svæðum. Skoða þarf hvort tryggingar bæti tjón þegar ekki er um afleiddan atburð vegna jarðskjálfta.

## Viðauki II

### Reynsla úr fyrri tjónsatburðum

Í ágúst 2001 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að fara yfir framkvæmd tjónauppgjöra vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi sumarið 2000 og þau verkferli sem Viðlagatrygging Íslands beitti í starfi sínu. Jafnframt var nefndinni falið að kanna tilhögun viðlagatrygginga, hamfaratrygginga, í helstu nágrannalöndum og meta hvort hamfaratryggingar eins og viðlagatrygging væru jafn vel eða betur komnar hjá hinum almennu váttryggingarfélögum. Nefndin skilaði skýrslu í nóvember 2002. Helstu niðurstöður hennar voru að miðað við umfang þess tjóns sem varð í jarðskjálftunum á Suðurlandi í júní 2000 hafi ekkert komið fram um það að verklagi Viðlagatryggingar Íslands við mat á tjónum og uppgjör bóta hafi verið verulega ábótavant. Nefndin benti á nokkra „hnökra á framkvæmdinni“, m.a. að ekki höfðu verið settar formlegar reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála eins og tilskilið er í lögum um Viðlagatryggingu Íslands og taldi nefndin brýnt að stjórn Viðlagatryggingar Íslands setti slíkar reglur til að auka gagnsæi í stjórnsýslu stofnunarinnar og gera tjónþolum auðveldara að glöggva sig á réttarstöðu sinni (slíkar reglur voru settar af stjórn Viðlagatryggingar í framhaldi af skýrslu nefndarinnar). Nefndin gerði nokkrar tillögur, m.a. um verklag við mat á tjóni. Auk þess lagði hún til að Viðlagatrygging fengi heimild í lögum til að halda eftir af altjónsbótum til að standa straum af kostnaði við förgun og rústahreinsun og að henni yrði heimilað að áskilja að bótum vegna hlutatjóns væri í raun varið til viðgerða á hinn váttryggðu eign. Þá var lagt til að útbúin yrði ný aðgerðaáætlun þar sem skilgreind yrðu viðbrögð Viðlagatryggingar Íslands í tilviki meiri háttar hamfara.<sup>14</sup>

Skýr mörk voru á milli bóta frá Viðlagatryggingu og jarðskjálftasjóðsins sem þjónustumiðstöðin annaðist í umboði forsætisráðuneytis en samstarf milli þessara aðila var mjög gott og samráðsfundir haldnir fyrstu vikurnar. Árið 2010 skilaði Ólafur Örn Haraldsson verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvar skýrslu til forsætisráðherra um starfsemi hennar. Þar er m.a. fjallað um ráðstöfun fjármuna úr jarðskjálftasjóði, vegna skjálftanna. Það er álit verkefnisstjórans, að nauðsynlegt sé að gera breytingu á fyrirkomulagi á stuðningi og afgreiðslu styrkja. Til þess þurfi breytingar á lögum, en ætíð verði nauðsynlegt að leggja fram opinbert fé til stuðnings í kjölfar náttúruhamfara þar sem lög og reglugerðir geta aldrei náð til þeirrar margvíslegu neyðar sem skapast.<sup>15</sup>

Varðandi viðbrögð stjórnvalda þá er mikilvægt að horft sé til fordæmisgildis aðgerða og að ekki sé farið inn á verksvið þar til gerðra stofnana/eininga hjá Veðurstofu, Almannavörnum, heilbrigðisstofnunum, Vegagerðinni, Landgræðslunni, Viðlagatryggingu Íslands og fleiri aðilum. Bæði í jarðskjálftunum 2008 og eldgosunum 2010 var settur á fót samráðshópur sem var stýrt af almannavarnardeildinni en í honum áttu einnig sæti sveitarstjórar á svæðinu, fulltrúar ríkisstofnana og aðrir hagsmunaaðilar. Þetta fyrirkomulag

<sup>14</sup> *Suðurlandsskjálftar. Júní 2000. Skýrsla nefndar sem skipuð var af iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Birt á vef iðnaðarráðuneytisins. <www.idnarraduneyti.is → Útgáfur → Skýrslur → 28.11.2002 „Suðurlandsskjálftar - júní 2000. Skýrsla nefndar“>. Sótt 25. maí 2011, bls. 9-10.*

<sup>15</sup> Ólafur Örn Haraldsson: *Þjónustumiðstöð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi í maí 2008. Skýrsla verkefnisstjóra. Forsætisráðuneytið gaf út. Rvk. 2010, bls. 1. <www.almannavarnir.is→Útgefið efni>.*

hefur gefist vel og því eðlilegt að því sé viðhaldið. Þannig er tryggð yfirsýn yfir allar aðgerðir á því svæði sem náttúruhamfarir ríða yfir. Eðlilegt er að skoðaðir verði kostir þess og gallar að utanumhald útgjalda ríkissjóðs vegna náttúruhamfara verði hluti af starfsemi þjónustumiðstöðvar almannavarna.

### Viðauki III

#### Styrkveitingar vegna Suðurlandsskjálftans 2008

Hópur ráðuneytisstjóra og starfshópur sveitarfélaganna mótuðu verklagsreglur um hvernig farið skyldi með ótryggð tjón einstaklinga og fyrirtækja. Ákveðið var að greiða úr ríkissjóði styrki vegna ótryggðra innbúa, tjóna á húsum í byggingu án smíðatryggingar, mismun á verðmæti altjóna húsa og skráðu brunabótamati, frárennislagna, rotþróa og aðveitna, niðurrifs og förgunar. Styrkir voru veittir til lagfæringar á mannvirkjum við hús, þ.e. palla, grindverk, stétta, innkeyrsla og heitra potta. Þá var einnig ákveðið að styrkja sveitarfélögin vegna aukinna útgjalda fyrstu mánuðina, m.a. til að kosta húsaleigu fólks sem þurfti að yfirgefa hús sín á meðan viðgerð fór fram og vegna greiðslna til verkfræðistofa vegna ágreiningsmáls tjónþola við Viðlagatryggingu Íslands um mat á tjónum, en slíkt hafði verið gert í framhaldi Suðurlandsskjálftans árið 2000. Jarðskjálftinn 2008 var hinsvegar í meira þéttbýli en skjálftarnir 2000 og fór kostnaður því langt fram úr áætlunum. Þá var tekin ákvörðun um að ríkissjóður styrkti niðurrif og förgun ónýtra húsa til að flýta fyrir að þéttbýliskjarnar kæmust sem fyrst í eðlilegt horf bæði hvað varðaði ásýnd og fasteignamarkað. Ríkissjóður styrkti einnig sveitarfélögin við að leysa til sín lóðir sem höfðu verið hreinsaðar. Ýmis önnur tjón voru styrkt eins og grjóthleðslur við kirkjugarða, skemmdir á borholubúnaði, kaldavatnslögnum o.fl.

Sundurliðun á styrkveitingum eftir tjónaflokkum í kjölfar jarðskjálftans úr jarðskjálftasjóðnum er eftirfarandi í nóvember 2011; samtals 647,3 m.kr.;

Endurmat brunabótamats	120,0 m.kr.	Ríkislögreglustjóri	37,4 m.kr.
Frárennislagnir	8,2 m.kr.	Stofnanir sveitarfélaga	18,9 m.kr.
Gámaleiga	1,9 m.kr.	Sveitarfélögin	51,1 m.kr.
Hús í byggingu	34,5 m.kr.		
Mannvirki við hús	44,7 m.kr.	<b>Sveitarfélögin:</b>	
Ótryggð innbú	20,8 m.kr.	Endurgreidd gatnagerðargjöld og	
Önnur tjón	71,6 m.kr.	fasteignagjöld	70,3 m.kr.
Rekstrarstöðvanir	13,2 m.kr.	Leiga á bráðabirgðahúsnæði	30,7 m.kr.
Niðurrif og förgun	58,6 m.kr.	Verkfræðistofur vegna málskota	44,3 m.kr.

**Fyrstu viðbrögð:**

Landhelgisgæslan  
neyðarlínan

og 2,1 m.kr.

Þjónustumiðstöð  
Almannavarna

19,0 m.kr.

## Viðauki IV

### Fjárveitingar vegna eldgosanna árin 2010 og 2011

Um vorið 2010 kom upp eldur í Fimmvörðuhálsi og síðar í toppgíg Eyjafjallajökuls, en því gosi fylgdi stórfellt öskufall sem hafði mikil áhrif í byggðum. Samráðshópur ráðuneytisstjóra um viðbrögð við náttúruhamförum fjallaði heildstætt og með samræmdum hætti um framkvæmdir, aðgerðir og kostnað sem tengja mátti neyðaraðgerðum á gossvæðinu í framhaldi þessara atburða. Ríkisstjórnin fjallaði reglulega um tillögur hópsins og einstök mál og samþykkti viðbótarfjárveitingar sem námu u.þ.b. 1200 m.kr. frá því að eldgos- og hamfarahrinan hófst í maí 2010 til ársloka 2011. Er þá ekki meðtalinn margvíslegur kostnaður stofnana sem fjármagnaður hefur verið af reglubundnum árlegum fjárheimildum þeirra. Auk þessa má geta þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setti reglugerð sem tryggði bændum óbreyttar greiðslur samkvæmt búvörusamningum í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, þrátt fyrir að tímabundin röskun yrði á framleiðslu þeirra.<sup>16</sup>

Styrkveitingar ríkissjóðs í kjölfar eldgosanna fóru að miklu leyti til ríkisstofnanna en ekki beint til einstaklinga eins og raunin var í kjölfar jarðskjálftans 2008. Ríkisstjórnin samþykkti að efla Bjargráðasjóð um samtals 270 m.kr. til að koma til móts við bændur á tjónasvæðinu en unnið var eftir sérstökum verklagsreglum sjóðsins sem gerðar voru í kjölfar eldgosanna. Ríkisstjórnin synjaði styrkveitingum vegna tjóns á vélum, tækjum, pöllum, heitum pottum og útihúsgögnum og vinnu við þrif. Sama á við um styrkveitingar vegna tekju- og rekstrartaps, rannsóknarverkefna og ýmissa lögbundinna verkefna stofnana. Unnið var í samráði við sveitarfélagið Rangárþing eystra að koma að styrkveitingum vegna viðgerða á heimaveitum sem ekki voru vátryggðar hjá Viðlagatryggingu.

Hér eftir fer sundurliðun á samþykktum fjárveitingum úr ríkissjóði í kjölfar eldgosanna 2010 og 2011, m.v. stöðuna í árslok 2011, flokkað niður eftir málaflokkum ráðuneytanna:

#### Dómsmálaráðuneyti:

Lögreglan á Hvolsvelli

16,7 m.kr.

Ríkislögreglustjóri

63,6 m.kr.

Sýslumaðurinn á Eskifirði

0,8 m.kr.

Lögreglan á Selfossi

1,9 m.kr.

Lögreglustjórinn á höfuðb.sv.

1,6 m.kr.

#### Mennta- og

#### menningarmálaráðuneyti:

Jarðvísinda- og raunvísindast. 42,1 m.kr.  
HÍ

#### Velferðarráðuneyti:

Heilbrigðisstofnun Suðurlands 37,7 m.kr.

Landspítali Háskólasjúkrahús 2,3 m.kr.

<sup>16</sup> Reglugerð nr. 500/2010 um sérstakan stuðning við búvöruframleiðslu árin 2010-2012 vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.



Landhelgisgæsla Íslands	20,2 m.kr.	Hjúkrunar- og dvalarheimili	25,3 m.kr.
Slysavarnafélagið Landsbjörg	50,0 m.kr.	Landlæknir	9,0 m.kr.
Rauði kross Íslands	7,0 m.kr.	Sóttvarnalæknir	3,5 m.kr.
Bílaleiga	1,7 m.kr.		
Ýmislegt ófyrirséð	13,6 m.kr.	<b>Umhverfisráðuneyti:</b>	
		Landgræðslan	180,0 m.kr.
<b>Samgönguráðuneyti:</b>		Veðurstofan	98,8 m.kr.
Vegagerðin	216,7 m.kr.	Umhverfisstofnun	17,9 m.kr.
Siglingastofnun	10,0 m.kr.		
Flugstoðir – Keflavíkurflugv.	16,8 m.kr.	<b>Sveitarfélög:</b>	
		Ýmis kostnaður	16,4 m.kr.
<b>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti:</b>		Húsnaðismál	10,0 m.kr.
Bjargráðasjóður	270,0 m.kr.	Hreinsunarkostnaður	20,0 m.kr.
Matvælastofnun	1,0 m.kr.		
Búnaðarsamband Suðurlands	6,0 m.kr.	Annar kostnaður	39,0 m.kr.
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	4,7 m.kr.		

## Viðauki V

### Aðdragandi að lagabreytingum á Bjargráðasjóði

Hinn 12. nóvember 2007, samþykkti stjórn Bjargráðasjóðs að leggja til við stjórnvöld að unnið yrði að tillögum um breytingar á starfsemi og rekstri sjóðsins með tilliti til óska sveitarfélaganna um að fjármögnun og rekstur sjóðsins yrði færður frá sveitarfélögum.<sup>17</sup> Í samræmi við það voru unnar tillögur um með hvaða hætti eignum og skuldbindingum sjóðsins yrði skipt upp milli eigenda. Fyrirkomulagi í tryggingamálum landbúnaðarins yrði síðan vísað til umræðu á vettvangi Bændasamtaka Íslands og landbúnaðarráðuneytisins. Á 135. löggjlf. 2007-2008 mælti samgönguráðherra fyrir frumvarpi sem fól í sér að sjóðurinn yrði lagður niður og eignum hans, alls um 660 m.kr. yrði skipt milli eigenda hans. Frumvarpið varð ekki útrætt. Samgönguráðherra mælti fyrir nýju frumvarpi á 136. löggjlf. 2008-2009, sem varð að gildandi lögum um Bjargráðasjóð nr. 49/2009. Með lögnum er tryggt að sjóðurinn starfi áfram, þótt sveitarfélögin hafi verið leyst undan þátttöku í sjóðnum og þeim greiddur út eignarhluti þeirra, um 400 m.kr. gegn yfirtöku allra lífeyrisskuldbindinga sem á sjóðnum hvíldu.<sup>18</sup>

Þegar Samband íslenskra sveitarfélaga ákvað að hætta þátttöku í Bjargráðasjóði voru rökkin einkum þau að starfsemi sjóðsins væri miklu fremur atvinnumál einstakra atvinnugreina en sveitarstjórnarmál. Í þessu sambandi er eðlilegt að athuga að ríkissjóður hefur iðulega leitast við að tryggja starfsöryggi og atvinnu í landbúnaði, m.a. vegna þrenginga af völdum harðæris eða náttúruhamfara. Þannig eru dæmi um það frá fyrri árum að ríkissjóður hafi styrkt Bjargráðasjóð verulega á miklum kalárum.<sup>19</sup> Í þessu ljósi ákvað nefndin að leita sérstaklega sjónarmiða Bændasamtaka Íslands til framtíðarstarfsemi Bjargráðasjóðs. Nefndin leggur áherslu á að samráð verði haft við samtökin um allar breytingar á starfsemi sjóðsins svo sem kostur er.

---

<sup>17</sup> Þetta var í samræmi við svo látandi bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá október 2007: „[Stjórnin] telur að starfsemi Bjargráðasjóðs sé miklu fremur atvinnumál tiltekinna starfsgreina en sveitarstjórnarmál. Af þeirri ástæðu og í ljósi þróunar á starfsemi sjóðsins á undanförunum árum leggur stjórnin áherslu á að áfram verði unnið að því á vegum stjórnar Bjargráðasjóðs að sveitarfélögin verði leyst undan fjármögnun og rekstri sjóðsins og að eignum hans og skuldbindingum verði skipt upp milli eigenda“

<sup>18</sup> Í athugasemdum með frumvarpi til laganna er tilefni þess skýrt svo að hlutverk sjóðsins hafi tekið verulegum breytingum frá stofnun hans enda hafi sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar ríkar skyldur til að mæta áföllum. Megi sem dæmi nefna lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, Viðlagatryggingu Íslands, Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og Atvinnuleysisstryggingasjóð. Fjöldmörg úrræði sem ekki voru til staðar við setningu upphaflegra laga um Bjargráðasjóð séu því fyrir hendi til að bæta áföll sem einstök landsvæði kunna að verða fyrir, m.a. í landbúnaði. Möguleikar til töku margvíslegra trygginga á fjálsum markaði hafi einnig stóruáhrif og það hafi atvinnurekendur og einstaklingar nýtt sér í ríkum mæli. Þskj. 701, 135. löggjlf. 2008-9.

<sup>19</sup> Þskj. 701, 135. löggjlf. 2008-9.

## **Viðauki VII.**

### **Greiðsla bóta úr Bjargráðasjóði**

Bjargráðasjóður ber ríkar skyldur til bóta tengdum ræktun og búfé í náttúruhamförum. Bætur eru aðeins greiddar úr Bjargráðasjóði til þeirra sem greiða Búnaðargjald.

- Þannig að þeir sem halda skepnur t.d. frístundabændur, bændur sem hættir eru búskap en eiga nokkrar skepnur og fólk sem leigir jarðir fyrir beit (býr ekki á staðnum en eiga jörð fyrir hagagöngu, oftast hross) greiða sjaldnast Búnaðargjald og fá því ekki greiddar bætur.
- Flutningur á skepnum fæst ekki greitt og ekki kostnaður við beit á öruggari svæðum. Ekki bætt nema greitt hafi verið Búnaðargjald.
- Ferðaþjónustubændur eru ekki tryggðir nema þeir sem greiða Búnaðargjaldið. Er þá átt við að bóndi getur fengið bætur fyrir tjón á landi t.d. golfvöll eða ræktað landsvæði um frístundabyggð ef hann er með skepnur, ekki aðrir.
- Óræktað land fæst ekki bætt (úthagar eða beitarhólf). Einungis er greitt fyrir tjón á ræktuðu landi.
- Girðingar fást ekki allar bættar. Aðeins girðingar um ræktað land. Sameiginlegar girðingar fást aðeins greiddar til þeirra sem greiða Búnaðargjald.
- Samtengdir skurðir geta legið í gegnum landareignir margra jarða. Uppmokstur úr skurðum fæst bættur aðeins hjá þeim er borga Búnaðargjaldið.
- Bændur geta haft ýmsar tekjur og hlunnindi af landareignum sínum sem fást ekki bætt eins og t.d. ýmis jarðefni (sandur, mól og fl.), veiði, dúntekja, rafstöðvar, ýmis ferðaþjónusta, vatnsveitur o fl.
- Ýmis sameiginleg verkefni í sveitarfélögum hafa verið bætt af Bjargráðasjóði en eru ekki lengur tryggð þar eins og t.d. göngustígar, útivistarsvæði og fl.

## Viðauki VIII

### Bréf Bændasamtakanna frá 13. október 2011

#### BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Forsætisráðuneytið  
Páll Þórhallsson  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. október 2011

EBI/hó

**Efni. Bjargráðasjóður**  
Tilv. 2011090007

Forsætisráðuneytið			
Málsnr.	FOR 11090007	Ábm.	AS
Db.	2.4.13	Aðrir	
Mótt.	18.10.2011	Svarfr.	
Aths.		LVM	

Vísað er til bréfs ráðuneytisins til Bændasamtaka Íslands (BÍ) dags. 15. september sl.

BÍ fagna vinnu ráðuneytisins við að skoða fyrirkomulag tryggingaverndar vegna náttúruhamfara. Það er jákvætt að ráðuneytið fari yfir þetta fyrirkomulag í ljósi þeirra hamfara sem orðið hafa á síðustu árum.

Hvað varðar Bjargráðasjóð þá er skammur tími síðan að starfsemi hans var endurskipulögð þegar að sveitarfélögin hættu aðild að sjóðnum. Samband íslenskra sveitarfélaga hafði þá um árabil þrýst á um þá niðurstöðu. Þessar breytingar voru gerðar í sátt við BÍ en Búnaðarþing 2009 fjallaði um málið og gerði ekki við athugasemdir við frumvarpsdrög um sjóðinn sem fyrir þinginu lágu. Ný lög um sjóðinn voru síðan samþykkt á Alþingi í apríl 2009 og honum skipt upp í október sama ár. Sjóðurinn hefur síðan haft aðsetur hjá Bændasamtökunum. Árin fyrir þessar breytingar höfðu farið fram miklar umræður innan bændastéttarinnar um framtíðarfyrirkomulag sjóðsins. Ólík sjónarmið voru uppi innan stéttarinnar eins og lesa má um í minnisblaði nefndar um framtíðarhlutverk Bjargráðasjóðs frá því í október 2007. Snemma árs 2008 létu BÍ gera skoðanakönnun meðal bændna um málefni sjóðsins. Þar kom m.a. fram að 74% bændna töldu mikilvægt að sjóðurinn starfaði áfram. Meðal annars af þeim sökum var tekin ákvörðun um að leita samninga við hið opinbera um að starfrækja sjóðinn áfram þó sveitarfélögin færu út, en áður hafði t.d. verið rétt um að hætta alfarið starfsemi hans eða sameina hana Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Niðurstaðan var sem kunnugt er að sjóðurinn starfar áfram á vegum BÍ og ríkisins og bætir tjón með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Stefna BÍ hvað þetta varðar er óbreytt þ.e. samtökin telja að sjóðurinn eigi að starfa áfram samkvæmt núverandi fyrirkomulagi. Hann hefur reynt afar mikilvæg tryggingavernd undanfarin ár m.a. vegna kaltjóns í túnnum (sem almenn deild hefur bætt), uppskerutjóns í kartöflurækt og tjóns vegna sjúkdóma í alifuglarækt (sem búnaðardeild hefur bætt), svo aðeins séu nefnd nokkur nýleg dæmi frá 2009 og síðar. Miðað við núverandi tekjustofna og fyrirkomulag hefur verið hægt að milda áföll sbr. framangreint þó langt því frá sé hægt að bæta þau að fullu.


Sjóðurinn hefur gegnt stóru hlutverki við að bæta tjón sem varð í eldgosunum á Suðurlandi síðustu tvö ár. Eins og segir í bréfi ráðuneytisins þá lagði ríkissjóður til verulegt fjármagn til þess að hægt væri að sinna því verkefni, enda hefði sjóðurinn ekki ráðið við það að öðrum kosti og mun ekki gera það með núverandi tekjustofnum, komi sambærileg áföll

Bændasamtök Íslands  
Bændahöllinni v/Hagatorg  
IS - 107 Reykjavík, ÍSLAND  
Sími: 563 0300 Fax: 562 3058  
Netfang: bi@bondi.is

The Farmers Association of Iceland  
Bændahöllinni v/Hagatorg  
IS-107 Reykjavík, ICELAND  
Phone: +354-563 0300 Fax: +354-562 3058  
E-mail: bi@bondi.is

upp að nýju. Þí telja eðlilegt að tjón vegna stórátalla eins og náttúruhamfara, sem falla utan almennrar tryggingaverndar, séu bætt úr sameiginlegum sjóðum. Þá gildir einu hvort bændur eða aðrir landsmenn verða fyrir slíku tjóni. Sé vilji stjórnvalda að þessi verkefni falli fremur undir Viðlagatryggingu og fjármögnuð af tekjustofnum hennar, þá eru Þí tilbúin til viðræðna um slíkar hugmyndir. Viðlagatryggingu er nú þegar ætlað að bæta langflest þeirra tjóna sem verða af völdum náttúruhamfara. Það kann að vera hagfellt að færa þá tjónaumsýslu alla á einn stað, en Þí leggja ríka áherslu á að tryggingavernd bænda skerðist ekki verði sú breyting gerð. Verði leið þessi farin er jafnframt nauðsynlegt að skýrt verði skilgreint hvers konar tjón myndu falla undir Viðlagatryggingu sem og hvort og með hvaða hætti kann að verða nauðsynlegt að innheimta iðgjöld af bændum af þeim sökum. Þí lýsa sig reiðubúin til að koma að þeirri yfirferð með stjórnvöldum ef óskað er.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Eiríkur Blöndal  
framkvæmdastjóri

## Viðauki IX


### Útreikningar Verkfræðistofunnar Verkíss á hámarksvernd búnaðar á lóðum

#### Insurance value of lot items - first estimate on vulnerability

Items on land	Covered	Mean value	Estimate damage %			Mean loss ISK			Mean Bld loss EQ2008	0,12%
			VIII	VII	VI	VIII	VII	VI		
Retaining walls	Stoðveggir	1	80.000	15,00	2,00	0,00	12.000	1.600	0	
Fences	Skjólveggir	1	54.000	8,00	1,00	0,00	4.320	540	0	
Walkway - concrete	Steypt gangstétt	1	48.000	15,00	3,00	0,00	7.200	1.440	0	
Walkway - stones	Hellulögð gangstétt	1	48.000	15,00	3,00	0,00	7.200	1.440	0	
Walkway - bitumen	Malbikuð gangstétt	1	10.000	5,00	0,50	0,00	500	50	0	
Driveway - concrete	Steypt bílastæði	1	105.000	15,00	3,00	0,00	15.750	3.150	0	
Driveway - stones	Hellulögð bílastæði	1	144.000	15,00	3,00	0,00	21.600	4.320	0	
Driveway - bitumen	Malbikuð bílastæði	1	17.500	5,00	0,50	0,00	875	88	0	
Patio - concrete	Steyptur pallur	1	48.000	15,00	3,00	0,00	7.200	1.440	0	
Patio - stones	Hellulagður pallur	1	64.000	15,00	3,00	0,00	9.600	1.920	0	
Patio - timber	Timbur pallur	1	80.000	15,00	3,00	0,00	12.000	2.400	0	
Lights and electronic cables	Ljós í lóð	1	25.000	8,00	0,50	0,00	2.000	125	0	
Drainage pipes (rainwater)	Regnvatnslagnir í lóð	1	120.000	15,00	1,00	0,00	18.000	1.200	0	
Sewage pipes	Skolplagnir	1	270.000	15,00	2,00	0,50	40.500	5.400	1.350	
Snow melting system	Snjóbæðsla	1	42.000	5,00	0,50	0,00	2.100	210	0	
Hut/shelter	Skýli	1	10.000	5,00	0,00	0,00	500	0	0	
Hot tubs	Heitir pottar	1	17.500	5,00	0,50	0,00	875	88	0	
			1.183.000				162.220	25.410	1.350	
							% loss	13,71	2,15	0,11
							Number of total bld 2008	2.239	5.316	5.164
							Number of loss bld 2008	1231	2126	516
							Bld damage %	54,98	39,99	9,99
							Total bld 2008 without garages and apartments	1.726	3.604	4.004
							Assumed loss bld = loss lot	949	1.441	400
							Loss land	153.939.173	36.624.165	540.121
										LOSS 2008?
										191.103.459



#### Not covered

Grass, growth	Gróður	0								
Large stones	Grjót	0								
Statues	Styttur	0								
Sand box	Sandkassi	0								
Loose items/equipment	Laus búnaður	0								
Dollhouse	Dúkkuhús	0								
Swings etc.	Rólur og leiktæki	0								




# Viðauki X

## Ferill tjóna og úrskurður stjórnar hjá Viðlagatryggingu Íslands



Háskastig aðgerða vegna náttúruhamfara á almannavarnastigi



\*<sup>1</sup> Beiðni um greiðslu þarf að berast eins fljótt og kostur er, en þó eigi síðar en sex vikum eftir að stofnað var til kostnaðar. Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði ráðherra. Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er og tilkynnir það ráðherra. Heimilt er að lýsa yfir almannavarnaástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi. Í samhæfingar- og stjórnstöð fer fram samhæfing og yfirstjórn almannavarna aðgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun (lög um almannavarnir nr. 82/2008)

**Neyðarstig**

*Neyðarstig einkennist af atburði sem valdið hefur slysum á fólki og/eða tjóni á mannvirkjum. Verkefni á þessu stigi einkennast af tafarlausum aðgerðum til lífsbjargandi aðstoðar og viðleitni til að afstýra fleiri slysum og varna frekara tjóni.*

Á neyðarstigi er gengið út frá því að kostnaður sem nauðsynlegt er að leggja í fáist greiddur af ríkissjóði þó ekki gefist tækifæri til að fá samþykki fyrir honum fyrirfram.

**Hættustig**

*Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða. Ef auka þarf viðbúnað og sóttvarnaráðstafanir vegna yfirvofandi farsóttar.*

Á hættustigi skal alla jafna hafa samráð við Ríkislögreglustjóra ÁÐUR en lagt er í kostnað. Ef það er ekki gert tekur ábyrgðaraðili þá áhættu að kostnaður fáist ekki samþykktur nema í þeim tilfellum sem um nauðsynlegan flýti við afgreiðslu mála er að ræða.

**Óvissustig**

*Óvissustig einkennist af atburðarás sem er hafin og ætla má að geti leitt til þess að öryggi fólks og/eða byggðar sé stefnt í hættu. Ef ekki er haft samráð við Ríkislögreglustjóra ÁÐUR en lagt er í kostnað er ábyrgðin alfarið á ábyrgð þess sem stofnar til kostnaðar.*

(Gráletraðar skýringar eru teknar af vef Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra)